

Fundargerð

Þriðjudaginn 20. desember 2011 kl. 11:30 var símafundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2012
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2012

Framkvæmdastjóri fór yfir þær breytingar á fjárhagsáætluninni sem ræddar voru á síðasta fundi sem og breytingar sem gerðar voru á milli funda.

Tekjur næsta árs eru áætlaðar 20.647 þús. kr. Gjöld eru áætluð 20.617 þús. kr. Framlög sveitarfélaganna eru áætluð eru 13.297 þús. kr.

Fjárhagsáætlun 2012 var rædd og síðan borin undir atkvæði. Fjárhagsáætlun 2012 samþykkt.

2. Önnur mál

Umræður urðu um Byggðasafnið á Reykjum. Samkvæmt samþykktum um byggðasamlagið er safnið undanþegið forræði byggðasamlagsins á þeim málaflokki. Safnið heyrir undir hvert og eitt sveitarfélag í Austur-Húnavatnssýslu með þeirri undantekningu að byggðasamlagið tilnefnir stjórnarmann í safnið fyrir hönd Austur-Húnavatnssýslu.

Samþykkt að boða Björn Magnússon, stjórnarmann safnsins á næsta fund byggðasamlagsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.